

FJÖLBREYTT ÚRVAL EFNA
Í FÆRIBÖND OG REIMAR
FYRIR MATVÆLAÐNAÐ



Gylfaflót 3 / 112 Reykjavík / Sími: 567-4467 / www.gummisteypa.is / gummisteypa@gummisteypa.is

**GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.**

BÁRAN

FRÉTTABLAÐ UM SJÁVARÚTVEG

22. JANÚAR 2018 1. TÖLUBLAÐ, 2. ÁRGANGUR



Venus NS aflar vel á loðnuvertíðinni

Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið HB-Grandi gerir út tvö uppsjávarfiskiskip, Víking AK-100 og Venus NS-150, auk nokkurra frystitogara og ferskfisktogara. Víkingur AK og Venus NS sjá uppsjávarvinnslu félagsins á Vopnafirði fyrir afla til vinnslu. Skipin eru sérhæfð í að veiða uppsjávarfisk: makríl, síld, loðnu og kolmunna. Aflanum er dælt í öfluga sjókælitanka. Við löndun er síðan dælt úr tönkunum í landvinnsluna sem vinnur aflann jafnóðum. Þessi aðferð tryggir ferskt

og gott hráefni sem skilar sér í afurðum af bestu gæðum.

Góð loðnuveiði er um þessar mundi á svæðinu austur af Langanesi og suðaustur af Langanesi. Sl. miðvikudag, 17. janúar, landaði Víkingur 1.500 tonnum af af góðri loðnu sem fer eins mikið til manneldis og gæði og ástand loðnunnar leyfa. Annar hluti aflans fer til bræðslu. Álbirt Sveinsson, skipstjóri Víkings, segir að undanfarið hafi verið leiðinlegt veður á miðunum og ekki allaf gefið að veiða, jafnvel skítaveður en þegar gefur

að veiða er afliþyrifur góður. Í næstu löndun þar á undan var aflinn 2.800 tonn.

Venus NS var á landleið sl. miðvikudagskvöld í þokkalegu veðri til löndunar á Vopnafirði með 3.000 tonna afla sem er nánast fullfermi. „Þetta er góður afli og loðnan væn, um 40 stykki kíló,“ segir Theódór Þórðarson stýrimaður. „Stundum er loðnan full af átu og þá hentar hún ekki til manneldis. Það spáir vel núna í augnalikin þegar ég er að tala við þig svo við erum bjartsýnir á framhaldið,“ segir Theódór.

Um áramótin

Sjávarútvegur á Íslandi er miklu meira en bara veiðar og vinnsla, þótt sjósóknin sjálf sé grunnurinn. Sjávarútvegur er undirstaða annarrar auðlindar í landi. Starfsemi fjölmargra fyrirtækja víða um land byggist að miklu leyti á sjávarútvegi í einni eða annarri mynd.



Grein Heiðrúnar Lind Marteinsdóttur á bls. 4

Framtak-Blossi er umboðsaðili fyrir VOLVO PENTA á Íslandi



Framtak-Blossi kappkostar að bjóða góða þjónustu og sanngjarnt verð á varahlutum.

VOLVO PENTA

Hafið samband við Hafþór í síma 895-3144 eða hafthor@blossi.is



FRAMTAK BLOSSI ehf

Dvergshöfða 27, 110 Reykjavík | www.blossi.is | blossi@blossi.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is



SHARP

SJÓÐVÉLAR

40 ÁR Á ÍSLANDI

ÖRUGGAR OG
ENDINGARGÓÐAR



XE-A147B

8 Vöruflokkar · 200 PLU númer
· Sjálfvirk dagsetning og tími
· Hitaprentun · Rafrænn innri strimill
· Mjög auðveld í notkun
Verð kr. 49.900,-



XE-A207B

99 vöruflokkar · Allt að 2000 PLU númer · Rafrænn innri strimill 9000 línur · Stór LCD skjár · SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC · Sjálfvirk dagsetning og tími
· Hitaprentun · Íslenskur strimill · Mjög auðveld í notkun
Verð kr. 74.900,-



XE-A217B

99 vöruflokkar · Allt að 2000 PLU númer · Rafrænn innri strimill 9000 línur · Stór LCD skjár · SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC · Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun · Íslenskur strimill · Mjög auðveld í notkun
Verð kr. 79.900,-

ORMSSON.IS

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

Stormur HF bættist í fiskiskipaflotann

Ný fiskiskip bættast stöðugt í íslenska fiskiskipaflotann. Línubáturinn Stormur HF-294 kom til landsins um sl. áramót. Hann er 1.027 brúttótonn og 43,55 metra langur. Skrokkurinn var keyptur frá Nýfundalandi en skipað að öðru leiti byggt í Póllandi og mikið breytt svo segja má að nýsmíði sé að ræða. Eigandi



er Stormur seafood en heimahöfn er Hafnarfjörður.

Brettatjakkar og lyftuborð

Mikið úrval af lyftuborðum og brettatjökkum, máluðum eða galvaniseruðum



IDNVER

Tunguháls 10 110 Reykjavík
Sími: 5172220

Samvinnufélag útgerðarmanna á sér hartnær 86 ára sögu

Guðmundur Rafnkell Gíslason tók við embætti framkvæmdastjóra Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað haustið 2015. Freysteinn Bjarnason lét þá af störfum og flutti til fæðingarbæjarins Akureyri. Guðmundur Rafnkell hefur að undanförnu gegnt starfi framkvæmdastjóra Sjónaráss. Guðmundur Rafnkell er búsettur í Neskaupstað ásamt eiginkonu og tveimur dætrum.

Guðmundur Rafnkell lauk B.ed.-prófi frá Háskólanum á Akureyri árið 1997 og hefur auk þess lokið fjölmörgum námskeiðum á sviði stjórnunar-, öryggis- og mannauðsmála. Guðmundur annaðist rekstur Hótel

Egilsbúðar í Neskaupstað á árunum 1997-2005 og var mannauðsstjóri hjá ESS Support Services á Reyðarfirði á árunum 2005-2007. Frá árinu 2008 hefur hann síðan gegnt starfi framkvæmdastjóra Sjónaráss. Guðmundur hefur mikla reynslu af sveitarstjórnarmálum en hann átti sæti í bæjarstjórn Neskaupstaðar og síðar Fjarðabyggðar í 15 ár og var forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar á árunum 2006-2010. Hann sat í stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi á árunum 2004-2010 og Byggðastofnunar á árunum 2011-2014. Frá unga aldri hefur Guðmundur tekið virkan þátt í félagsstörfum og tónlistarlífi.

Drjúgur hlutur arðs rennur til menningar- og félagsmála

Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað var stofnað árið 1932 og á sér merka sögu. Nú rekur félagið tvær verslanir, Fjarðasport í Neskaupstað og Veidifluguna á Reyðarfirði auk þess sem það hefur umboð fyrir Tryggingamiðstöðina og annast verkefni í samstarfi við ÁTVR. Þá hefur félagið sinnt framkvæmdastjórn fyrir Olíusamlag útvegsmanna í Neskaupstað. Samvinnufélagið á eignarhlut í Sildarvinnslunni hf. og ráðstafar drjúgum hluta árlegs arðs af þeirri eign til menningar- og félagsmála innan fjallahings Norðfjarðar.

BerlinNC-105 og Cuxhaven NC-100.



DFFU-TOGURUNUM BERLIN OG CUXHAVEN GEFIÐ NAFN

Það var stór dagur í útgerðarsögu Samherja og Deutsche Fischfang Union (DFFU) þegar tveimur nýjum og glæsilegum skipum DFFU var gefið formlega nafn 13. janúar sl. við hátíðlega athöfn í Cuxhaven, Þýskalandi. Dagurinn var ekki síður merkilegur vegna þess að síðasta nýsmíði DFFU kom til Cuxhaven árið 1990, eða fyrir hartnær 28 árum.

Harpa Ágústsdóttir, eiginkona Haraldar Grétarssonar, framkvæmdastjóra DFFU, gaf Cuxhaven NC-100 nafnið með formlegum og hefðbundnum hætti. Það kom svo í hlut eiginkonu ráðuneytisstjóra þýska landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins, Annegret Aeikens, að gefa Berlin NC-105 nafn. Í tilefni þessa var móttaka fyrir viðskiptavini, embættismenn, birgja, starfsmenn og velunnara félagsins og mættu Alls mættu um 400 gestir frá 17 löndum.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, sagði við þetta tækifæri að forsvarsmenn Samherja og Deutsche Fischfang Union virði fyrst og fremst stoltir og glaðir. „Við erum að nefna tvö glæsileg skip sem sýna svo engum dylst að við höfum trú á framtíðinni. Við erum búin að starfa í þessu umhverfi síðan 1996 og erum þetta okkar fyrstu nýsmíðar í Þýskalandi. Fyrstu árin okkar hér voru ekki auðveld. Undanfarið hefur gengið vel

Cuxhaven NC í Akureyrarhöfn sl. haust.



„Við erum að nefna tvö glæsileg skip sem sýna svo engum dylst að við höfum trú á framtíðinni.“

og við trúum að þetta sé mikilvægt skref og upphafið á glæstum kafla í okkar útgerðarsögu í Þýskalandi,“ sagði Þorsteinn Már.

„Þetta er stór dagur í sögu DFFU,“ sagði Haraldur Gíslason framkvæmdastjóri DFFU. „Þessar skipasmíðar eru líka mikilvægt skref hjá okkur til að auka samkeppnishæfni okkar í rekstrinum og ekki síður til styrkja stöðu okkar í að laða að okkur hæft ungt fólk í áhugaverð störf á sjó. Þetta eru vel launuð störf þar sem við bjóðum upp á bestu fánlegu vinnuaðstæður. Það var líka einstaklega gaman að sjá hvað bæjarbúar í Cuxhaven sýndu skipunum mikinn áhuga, komu um borð og glöddust með okkur,“ segir Haraldur Grétarsson, framkvæmdastjóri DFFU.

THERMOLITE®



-40°C
[CI-TESTED]



JÓN BERGSSON EHF.

Kletthálsi 15 - 110 Reykjavík
Sími 588 8886 - Fax 588 8944
jon@jonbergsson.is - www.jonbergsson.is

BEKINA

BOOTS BUILT TO LAST



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR LAND CRUISER

EINFALDLEGA TOPPAR ALLT



Verð frá: 7.490.000 kr.

Í 65 ár hefur Land Cruiser drottnað yfir landslaginu og nú skartar þessi fjórhjóladrifni konungur jeppanna nýju útliti, ytra sem innra. Hann státar af nýju mælaborði með stærri skjá og nýjum eiginleikum á borð við Toyota Safety Sense sem auka enn á öryggið sem alltaf hefur verið hluti af sterkbyggðri gæðahönnun jeppans sem einfaldlega toppar allt.

- Nýr Land Cruiser 150 býðst með 33" breytingu að kostnaðarlausu
- 2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Land Cruiser 150

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans.
Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Heiðrún Lind Marteinsdóttir.

NÚ ÁRIÐ ER LIÐIÐ Í ALDANNA SKAUT

Árinu 2016 lauk með látum, árið 2017 hófst með látum; allt sat fast í verkfalli sjómanna. Því lauk vonum seinna og 19. febrúar var skrifað undir kjarasamning sem var samþykktur. Það var þriðji samningurinn sem forsvarsmenn sjómanna undirrituðu. Flotinn fór úr höfn, en skaðinn var skeður. Það er gömul saga og ný, að sjaldan veldur einn þegar tveir deila og fjarri er það mér að kenna einhverjum um af hverju verkfallið dróst svo á langinn. Skaðann af verkfallinu bera báðir deilendur. Enn er vinna framundan við að ná þeim mörkuðum aftur sem töpuðust og endurheimta orðsporið. Ég hef fulla trú á því að íslenskur sjávarútvegur muni ná fyrri stöðu á erlendum markaði. Án hennar þrífst íslenskur sjávarútvegur varla, atvinnugrein sem svo margir treysta á í einni eða annarri mynd.

Sjávarauðlind getur af sér aðra auðlind

Margar fréttir hafa borist af því undanfarn misseri, að ný skip séu að koma til landsins og einnig af stórhuga framkvæmdum í landvinnslu. Fréttir bárust til dæmis af því í september að fyrirtækið G. Run í Grundarfirði ætli að ráðast í mikla uppbyggingu á landvinnslu, þar sem verður ein fullkomnasta fiskvinnsla landsins. Gerður var stór samningur við Marel um kaup á vélum og annar við Skagann3X á Akranesi um búnað.

Í nýju frystiskipi Samherja sem smíðað var í Noregi, eru vinnsludekk meðal annars hönnuð og smíðuð af Slippnum á Akureyri, fiskvinnsluvélar eru meðal annars frá Vélafli í Ólafsfirði og Marel, frystikerfi, búnaður og öll lagnavinna er frá Kælismiðjunni Frost á Akureyri og fiskimjólsværsmiðjan um borð er framleidd af Héðni. Dæmin um hug- og handverk íslenskra iðnfyrirtækja í sjávarútvegi eru miklu fleiri.

Þetta leiðir hugann að merkilegri staðreynd, sem er þó auðskiljanleg. Sjávarútvegur á Íslandi er miklu meira en bara veiðar og vinnsla, þótt sjósóknin sjálf sé grunnurinn. Sjávarútvegur er undirstaða annarrar auðlindar í landi. Starfsemi fjölmargra fyrirtækja víða um land byggist að miklu leyti á sjávarútvegi í einni eða annarri mynd. Sem dæmi má nefna Skagann3x á Akranesi sem hefur tvöfaldast að stærð á undanförunum árum. Sömu sögu er að segja af Völlu í Kópavogi. Samhengið á

milli stöðu íslensks sjávarútvegs og afkomu fjölmargra iðn- og hugbúnaðarfyrirtækja virðist ekki alltaf vera ljóst, en fylgnin er veruleg. Það á einnig við um mörg fyrirtæki í nýsköpun og líftækni.

Gjaldtaka fram úr hófi er skaðleg

Gera þarf sjávarútveginum fært að fjárfesta. Það verður ekki tryggt með óhóflegri skattlagningu. Að sjálfsögðu stendur ekki á sjávarútveginum að leggja til samneyslunnar það sem honum ber, en gjöld langt umfram það sem fyrirtækjum í sjávarútvegi, annars staðar í heiminum, er gert að greiða, mun til lengri tíma hafa slæmar afleiðingar. Ekki bara fyrir sjávarútveginn, heldur langt út fyrir hann. Höfum hugfast að rúmlega 98% af öllum afla fer á alþjóðlegan markað. Þar er viglína íslensks sjávarútvegs, sem mörgum virðist hulin. Án fótfestu á alþjóðlegum markaði er tóm mál að tala um íslenskan sjávarútveg sem undirstöðuatvinnugrein á Íslandi.

Sjávarútvegsfyrirtækjum er gert að greiða veiðigjald. Ýmsum þykir það lágt. Nú er það svo að tekjuskattur fyrirtækja er 20% - einnig sjávarútvegsfyrirtækja. Þegar búið er að bæta veiðigjaldi við þá hafa þessir tveir skattstofnar numið nærri 44% af hagnaði að meðaltali á ári hverju frá 2010. Verði engin breyting gerð á veiðigjaldi á þessu nýbyrjaða ári má áætla að tekjuskattur og veiðigjald verði um 58-60% af hagnaði í sjávarútvegi. Það gefur auga leið að svo umfangsmikil gjaldtaka mun hafa skaðleg áhrif. Hún mun draga harkalega úr samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og hraða verulega samþjöppun. Alþingi verður að átta sig á þessari stöðu og axla ábyrgð.

Sjávarútvegur áfram í fararbroddi

Það er engin ástæða til annars en að bera höfuðið hátt og vera stoltur af íslenskum sjávarútvegi. Sjávarútvegurinn er hornsteinn í íslensku efnahagslífi, hann er sjálfbær og umhverfisvænn, hann býður upp á örugg og vel launuð störf, hann er drifkraftur nýsköpunar og tækni og í raun einstakur um margt á heimsvísu. Tækifærin eru óendanleg ef rétt er haldið á spilunum. Gleðilegt ár og góðar stundir.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

LEIÐARI

Afnám verðtryggingar og framþróun í sjávarútvegi

Afnám verðtryggingar og að taka upp evru sem gjaldmiðil kann að vera hagstæð ákvörðun fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki, en mörg þeirra, sem og mörg íslensk fjármálafyrirtæki, gera upp ársreikninga í erlendra mynt. Innganga í Evrópusambandið vefst hins vegar eðlilega fyrir mjög mörgum og möguleikar á inngöngu eru nú fjarlægari en oft áður. Verðtrygging neytendalána þekkist ekki í nágrannalöndum okkar og mikilvægt er að íslenskir neytendur sitji við sama borð á fjármálamarkaði eins og þar gerist. Verðtryggð króna hefur lengi skapað ójafna stöðu í íslensku samfélagi; annars vegar almenningur og fyrirtæki á innlendum markaði sem taka lán í verðtryggðum krónum og hins vegar útflutningfyrirtæki sem hafa tekjur og lán í erlendum gjaldmiðlum. Vilji stjórnvöldin halda í krónuna sem gjaldmiðil þá verður það traudla ekki gert með því að halda jafnframt í verðtryggingu. Ljóst er að staða verðtryggingar á lánamarkaði er í uppnámi og mikilvægt að bregðast við af festu. Nauðsynlegt er að Alþingi dragi úr þeirri óvissu sem fyrst. Fjármálaráðherra og sjávarútvegsráðherra ættu að beita sér fyrir því strax á fystu dögum þingsins, sem er að hefjast að nýju eftir betra jólafrí en allur almenningur getur gert sér vonir um að fá. Það væri góð gjöf til sjómanna og útgerðarmanna sem og annarra landsmanna ef eitt-hvað er að marka það að nú sé góðæri. Annars er sú fullyrðing ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur um það hjóm eitt.

Þrátt fyrir að ríkisstjórnin standi á bremsunni er framþróun í sjávarútvegi á Íslandi fyrst og fremst tilkomin vegna þess að útgerðarmenn og fiskverkendur hafa verið óhræddir að tileinka sér tækninýngar. Framsýni þeirra og dugnaður er lofsverður. Aðrar greinar, s.s. landbúnaður, hafa dregist aftur úr vegna þess að þar hafa menn verið of fastheldnir á gömul gildi, sem voru góð um miðja síðustu öld, en eru mörg hver alls ekki hæf í dag, alls ekki í takt við tímann. Furðulegt er að Bændasamtök Íslands eru með heilmikið meiri umsvif í skrifstofuhaldi en Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Búnaðarþing stendur í viku en ársfundur SFS aðeins í einn eftirmiðdag. Eitthvað kostar öll þessi yfirbygging landbúnaðarins. Verðmæti íslenskra sjávarafurða nemur milljörðum króna vegna þess að íslensk fiskiskip nýta sér alla þá bestu tækni sem er á heimsmarkaðnum í dag og sú tækni á einnig uppruna sinn hérlandis. Áður fyrr fór bróðurpartur síldar- og loðnuafans til bræðslu, og þá var útflutningsverðmætið líka aðeins hluti þess sem það er í dag. Loðnuvertiðinni er að byrja fyrir alvöru og gera má sér vonir um að verulegur meirihluti aflans verði unninn til manneldis. Loðnuvertiðin gæti gefið af sér yfir 15 milljarða króna í útflutningstekjur og allt að 75% vegna manneldisvinnslu. Auðvitað ræðst þetta af því hverju stór loðnukvótinn verður endanlega. Vísindamenn hafa átt í vandræðum með að skilgreina áhrif hlýnnar háfsins á einstaka fiskitegundir og hafa oft enga skýringu á því hvers vegna tegundir sem eiga heimkynni sín á suðlægari slóðum fara skyndilega að finnast hér. Vísindamenn benda á hlýnun sjávar sem einu skýringuna, en varla telst það mjög vísindaleg niðurstaða. Varla skapast ákjósanlegt fæðumhverfi fyrir þessar framandi fisktegundir hér í sjónum við hlýnunina á skömmum tíma, það hlýtur að gerast á lengri tíma. Vaxandi ásókn í nánast allar fisktegundir í heiminum, valda þessu eflaust að hluta, enda verða margar fisktegundir fyrir stöðugu áreiti. Gott dæmi um það eru síld- og loðnuveiðar í flottroll hér við land, enda átti sú skoðun allnokkurt fylgi meðal skipstjórnarmanna að banna ætti þær tímabundið á ákveðnum svæðum. Þær raddir virðast hafa hljóðnað.

Vestfirðir hafa oft verið afskiptir af ríkisvaldinu og opinberum stofnunum og verulegt umhugsunarefni hvað veldur því. Stundum getur ástæðan verið heimatilbúin, t.d. þegar kom að skiptingu aflaheimilda á uppsjávarafra á sínum tíma, en fram að því höfðu Vestfirðingar ekki aflað sér neinna veiðiréttinda í veiðum á uppsjávarfiski að heitið getur, verið fyrst og fremst að veiða bolfisk og flotið sofandi að feigðarósi hvað varðar að afla veiðiheimilda í öllum tegundum uppsjávarfiskitegunda, þ.e. í síld, loðnu og makríl. Slæmt vegakerfi á Vestfjörðum er hins vegar ekki heimatilbúinn vandi, fjármagn til vegaframkvæmda í fjórðungunum hefur yfirleitt verið af afar skornum skammti, jafnvel svo lítið að vart hefur svarað kostnaði að hefja framkvæmdir. Það eru ekki nema liðlega 40 ár síðan Djúpvegur var akfær eftir að vegalagningu um Hestfjörð lauk, og aðeins fyrir sjö árum var hægt að aka alla leiðina frá höfuðborgarsvæðinu til Ísafjarðar á bundnu slitlagi. Vestfirðir eru land tækifæranna, ekki sist í sjávarútvegi. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur átt frumkvæði að því að hefja umfangsmiklar rannsóknir í vestfiskum fjörðum til að meta aðstæður fyrir fiskeldi og skelrækt, og laxeldi á suðurfjörðum vext stöðugt fiskur um hrygg þrátt fyrir að umhverfissinnar telja slíkt atvinnutækifæri ekki gott. Nýr umhverfis- og auðlindaráðherra er því miður ekki líklegur til að styðja fiskeldi, framganga hans sem framkvæmdastjóra Landverndar áður en hann tók við ráðherraembættinu gefur ekki vonir um það. Hjá Landvernd mátti helst ekki velja við steini, allt var svo óumhverfisvænt.

Afar lítil gögn liggja fyrir um blöndun sjávar og hafstrauma í vestfirskum fjörðum, hvað þá er varðar burðarþol, frumframleiðni og súrefnisstöðu. Þessar upplýsingar eru afar nauðsynlegar fyrir margra hluta sakir. Meðal annars til að vinna stefnumótun og framtíðaruppbyggingu fyrir greinina, til að vinna raunhæfar framleiðslu- og fjárfestingaráætlanir og til að velja þannig áhuga fjárfesta á greininni. Þess utan er mikilvægt að þekkja burðarþol umhverfisins fyrir lífrænu niðurbroti. Sjálfbært eldi er töfraorðið til framtíðar, ekki bara í öryggi í daglegum rekstri, heldur og ekki síður í markaðs- og sölumálum eldisafurða. Laxeldi var vaxandi atvinnugrein á suðurfjörðunum og við Ísafjarðardjúp og þorskeldi hefur vaxið hraðbyrri fiskur um hrygg, hvað sem nú kann að gerast. En frumforsenda jákvæðar íbúðarpróunar á Vestfjörðum er þjónusta við íbúana til jafns við það sem best gerist á öðrum svæðum landsins. Næg atvinna er ekki nægjanleg forsenda. Til að tryggja búsetu á Vestfjörðum þarf að tryggja góða leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, m.a. með fjarkennslu, auk þess að hlúa að háskólakennslunni á Ísafirði. Fylgja þarf eftir samstarfi háskóla-, þekkingar- og fræðasetra á Vestfjörðum til að efla þjónustuna. Tryggja þarf góða heilbrigðisþjónustu, með umdæmissjúkrahúsinu á Ísafirði sem aðalstofnun og standa vörð um heilsugæslu á Vestfjörðum. Þessi atriði í takt við bættar samgöngur við fjórðunginn mun örugglega snúa þeirri neikvæðu íbúðarpróun sem ríkt hefur á Vestfjörðum við. Vestfirðingar eiga heldur ekki að láta lækni í Reykjavík ráða því hvort Halvá á Ströndum verður virkjuð og tryggð verði hringtenging raforku um fjórðunginn eða hvort sumarbústaðaeigendur í Teigsstöki ráði því hvort lagður verður þar vegur til að Vestfirðingar fái tryggari samgöngur og geti hindrunarlaust komið sjávarafurðum á markað. En til þess þurfa Vestfirðingar líka að vinna saman, vera meira samtaka. Það er löngu tímabært.

Geir A. Guðsteinsson

Ljúffengir réttir

Íbókinni „Heilsuréttum fjölskyldunnar“ eru uppskriftir að ljúffengum réttum sem fjölskyldan elskar en bókina er skrifuð fyrir þá sem vilja bæta mataræði og lífstíl fjölskyldunnar. Höfundur bókarinnar, Berglind Sigmarsdóttir, er fjögurra barna móðir í Vestmannaeyjum og mikil áhugamanneskja um heilsu og matargerð. Hún hefur mikla reynslu af því að elda hollan mat og aðlaga uppáhaldsrétti barnanna að hollara og næringarríkara mataræði. Í þessari einstöku

bók hefur hún notið aðstoðar eiginmanns síns, landsliðskokksins Sigurðar Gíslasonar, við gerð uppskriftanna og afraksturinn er glæsileg lífsstíls- og matreiðslubók, stútfull af girnilegum heilsuréttum sem allir eiga eftir að njóta.

Gefin eru ráð um hvernig hægt er að draga úr sykurneyslu barna og ungmennta – og hvernig við fáum börn og unglunga til að borða heilsusamlegan mat og bæta lífsstíl sinn. Sannarlega bók sem á brýnt erindi, ekki sist til barnafjölskyldna.



1. TÖLUBLAÐ, 2. ÁRGANGUR

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 103 Rvk. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, sími: 840-9555 & netfang: geirgudsteinsson@simnet.is. Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

BLAÐINU ER DREIFT Á ÖLL FYRIRTÆKI OG STOFNANIR Á LANDINU

VÖKULAUGU Á SJÓNUM MEÐ FLIR

FLIR HITAMYNDAVÉLAR VEITA SKIPSTJÓRNARMÖNNUM
SÝN Í NIÐAMYRKRI EÐA ÞEGAR SÓL BLINDAR.

MEÐ FLIR MU ER STIGLAUS ÞYSJUN Á HITAMYND Á NÆR
OG FJÆR UMHVERFI



FLIR HANDVÉLAR GEFA AUKNA SÝN
Á BREYTINGUM Á VÉLBÚNAÐI, KÆLIBÚNAÐI,
RAFKERFUM, GLUSSALÖGNUM...

MEÐ REGLUBUNÐNUM SKOÐUNUM ER HÆGT AÐ
BREGÐAST VIÐ ÁÐUR EN UPP KEMUR BILUNEDA TJÓN.

VERÐ FRÁ: 139.950.- M/VSK
(FLIR C2 HANDVÉL)





Óttarr Proppe þáverandi heilbrigðisráðherra, Guðmundur Hallvarðsson, formaður stjórnar Hrafnistu og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tóku fyrstu skóflustunguna.

Hrafnista byggir hjúkrunarheimili

Skóflustunga að nýju 99 rýma hjúkrunarheimili við Sléttuveg var tekin 22. nóvember sl. Enn fremur verður byggð þjónustumiðstöð og 140 leiguíbúðir fyrir aldraða. Um er að ræða mikla uppbygging á aðstöðu fyrir aldraða og líklega sú stæsta sem ráðist hafist verður við í einum áfanga hérlandis. Framkvæmdir hefjast nú fljótlega og mun þeim ljúka fyrir árslok 2019.


Ríkið og Reykjavíkurborg, sem reisa og eiga hjúkrunarheimilið, hafa þegar samið við Hrafnistu, dótturfyrirtæki Sjómannadagsráðs, um rekstur þess og verður það sjöunda Hrafnistuheimilið á suðvesturhorni landsins. Talið er að með þessu nýja hjúkrunarheimili dragi nokkuð úr álagi á Landspítalann, þar sem fjöldi aldraðra er tepptur vegna skorts á hjúkrunarýmum.

Sumt er gleðilegt, annað ömurlegt!



Þessi stígvél sem þrædd voru upp á stöng á Hornafirði hafa greinilega lokið hlutverki sínu á fótum fiskverkafólks og gegna nú skemmtilegu hlutverki sem girðing. Afar frumlegt!

Þessi tilkynning á brúarglugga fiskibáts í Hafnarfjarðarhöfn er hins vegar ömurleg, en greinilega hefur verið full ástæða til að vara lyfjaþrjófa við sem ekki yrðu unnar skemmdir á skipinu í vonlausri leit að fíkniefnum. Dapurt!



Færanlegir lausfrystar

Allt í einum gám! Auðveldar fjármögnun
Auðvelt að flytja á milli staða. Öflug frysting



Hægt að fá
í laxaútgáfu



Íshúsið

ishusid.is

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

DORIN á Íslandi!
Áratuga reynsla
Lágværingi
Ódýrari

Ísvélar
Öflugar
Amerískar
Hagkvæmar!

Ammoníak
Stærsti og virtasti
framleiðandi heims
Leitaðu tilboða!

FARÐU ÚT!

MEÐ GAMAN FERÐUM

Ferðablaðið
er komið út!



BORGAR-
FERÐIR



LLORET
DE MAR



ÆFINGA-
FERÐIR



TOSSA
DE MAR



TÓNLEIKAR



BENIDORM



SIGLINGAR



TENERIFE



HÓP-
FERÐIR



SALOU



FÓTBOLTI



ALBIR

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á GAMAN.IS!

 **Gaman**
Ferðir



Lúðvík Geirsson hafnarstjóri. Togarar frá Kálingrad í baksýn en þarna mun nýr hafnargarður verða byggður og við hann rís m.a. nýbygging Hafrannsóknastofnunarinnar.



Nýr hafnargarður byggður við Hafnarfjarðarhöfn

Hafnarfjörður hefur frá upphafi byggðar Íslands verið talin ein besta höfn landsins frá náttúrunnar hendi, þar komu sæfarendur að landi því þar er gott skjól. Fyrstu lýsingar af komum kaupskipa á 14. öld tengjast Hafnarfjarðarhöfn og höfnin er því ein helsta þjónustuhöfn landsins og því engin tilviljun að þar voru bæði Englendingar og Þjóðverjar með stóra verslunarstaði fyrr á öldum. Þar eru öll þjónustufyrirtæki, sem skip, útgerðir og fyrirtæki í hafnsækinni starfsemi þurfa á að halda. Í Hafnarfirði er stutt til Keflavíkurflugvallar til að afla aðfanga frá erlendum birgjum sem og að koma ferskum fiski í flug til kaupenda víða um heim.

Opin samkeppni um Flensborgarhöfn

Stefnt er að því að opin samkeppnin um Flensborgarhöfn í Hafnarfirði verði auglýst í byrjun árs 2018 og niðurstöðurnar kynntar að vori en útboðslýsing lá fyrir í lok árs 2016. Samkeppninni var hins vegar frestað meðan unnið var að skipulagi vegna byggingar fyrir Hafrannsóknastofnun sem á að rísa við Fornubúðir og er inni á skipulagssvæðinu en þangað flytur starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar, rannsóknastofnunar hafs og vatns. Fleiri þjónustufyrirtæki og fiskvinnslur hafa fengið lóð á þessu svæði og bætast við þá flóru fyrirtækja sem þegar eru á svæðinu og flytja m.a. inn salt, asfalt og fleira.

Umrætt svæði Flensborgarhafnar nær frá gamla Drafnarlippnum við Strandgötuna fyrir kverkina að Ós-



eyrarbryggju og Fornubúðum, en á svæðinu er höfn fyrir fiski-, smábáta- og skemmtibáta. Einnig nær skipulagssvæðið yfir svæði milli Hvaleyrarbrautar og Óseyrarbrautar að Stapagötu. Hafnir eru í dag annars vegar lokaðar stórskipahafnir með öryggissvæðum og hins vegar opin hafnarsvæði eins og í Flensborgarhöfn og við Óseyrarbryggju Markmiðið er að tengja þetta opna svæði betur við miðbæinn og gera að hluta hans. Farið verður í bygginu nýs 120 til 130 metra langs hafnarbakka á þessum vetri.

Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri, segir að bryggjuframkvæmdir hefjist ekki

fyrir fyrirtæki sem vilja staðsetja sína starfsemi í Hafnarfirði.

Hvernig er fjárhagsstaða hafnarinnar?

„Hún er góð en það var farið í gríðarlega miklar fjárfestingar þegar þetta nýja hafnarsvæði var útbúið með nýjum hafnargörðum og framfengingu á hafnarbökkum. Við lentum auðvitað í efnahagshruninu með þá fjárfestingu en fjárhagsstaðan í dag er sú að höfnin er að vera skuldlaus. Það er betri staða en hjá öðrum höfnum sem ég þekki til, en hún er víða mjög þung enda örfáar hafnir sem eru

að skila góðri framlegð í sínum rekstri. Hafnarfjarðarhöfn er ein fárra hafna sem nýtur engra aðstoðar frá ríki og því allar okkar framkvæmdir fjármagnaðar af okkur, hvort sem eru hafnarbakkar, grjótgarðar eða almenn hafnarsvæði.

Smábátahöfnin mun væntanlega þróast í það að verða mannlífsstaður með þjónustu, veitingastöð-

um og menningarstarfsemi og tengja það miðbænum líkt og þekkt er orðið í Reykjavík. Hafnir kalla í framtíðinni á stærri mannvirki, dýpri bakka fyrir meiri djúpristu skipa og þá um leið meira land. Þau svæði sem koma m.a. til greina er svæðið austan Straums-

Smábátahöfnin mun væntanlega þróast í það að verða mannlífsstaður með þjónustu, veitingastöðum og menningarstarfsemi og tengja það miðbænum.

víkur og Hvalfjörðurinn. Það er sama þróun sem á sér stað í Evrópu og víðar.“

Á sínum tíma var öll starfsemi við Norðurbakkann lögð af, þar byggð fjölbýlishús og atvinnustarfsemi, m.a. fiskvinnsla, flutt annað. Af hverju var það gert?

„Starfsemin var meira og minna komin á suðursvæðið vegna þess að það var ekkert uppland við Norðurbakkann til að sinna vörumóttöku og þjónustu við þá sem voru að koma til hafnarinnar. Starfsemi Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar og þeirrar starfsemi sem komu þar á eftir var aflögð, bæði fiskvinnsla og togaraútgerð, en hér hefur koma stórra togara til löndunar, innlendra sem erlendra aukist verulega. Eimskip hefur byggt hér sunnan megin 10.000 tonna frystigeymslu sem tekur við afla margra þessara skipa og fyrir þessa starfsemi var ekkert pláss norðan megin.

Íbúðirnar á Norðurbakkanum urðu strax mjög eftirsóttar, ekki síst af þeim sem vildi sameina það að búa í miðbæ og við höfn og geta þar með fylgst með athafnalífinu við og í höfninni heiman frá sér, ekki síst þegar skemmtiferðaskipin koma hingað á sumrin og hér er sannarlega iðandi og fjölskrúðugt mannlíf,“ segir Lúðvík Geirsson.



fyrir en eftir aldarmótin 1900 og fyrsta bryggjan tekin í notkun árið 1913 þegar skipin urðu stærri og fyrstu togararnir komu. Hafnarsvæðið var lengst af norðan megin en er nú öll komin sunnan megin þar sem hún var í upphafi enda er þar gott svæði upp af



Við afhendingu viðurkenningarinnar, f.v.; Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra, Erla Kristinsdóttir, ISF; Kristinn Hjalmarsson, ISF; Hjörtur Emilsson, Navis; Anna Margrét Guðjónsdóttir, Evris; Haraldur Árnason, Knarr og Berta Daníelsdóttir, Íslenski Sjávarklasinn.

Íslenski sjávarklasinn heiðrar fyrirtæki sem skarað hafa fram úr

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra afhenti fyrir skömmu viðurkenningar til fjögurra fyrirtækja innan Íslenska sjávarklasans sem skarað hafa framúr við að efla samstarf við önnur fyrirtæki. Fyrirtækin sem hlutu viðurkenningu eru Navis, Evris, Iceland Sustainable Fisheries og Knarr Maritime.

Navis hlýtur viðurkenningu fyrir að efla samstarf tæknifyrirtækja um hönnun á umhverfisvænum skipum. Forsvarsmenn Navis segja að til þessa hafi ekki hafi verið mikið hugað að orkunýtingu minni báta og smábáta. Bátar af þessari stærð séu margir gríðarlega afkastamiklir með stórar vélar og jafnvel með íslvélar um borð sem knúnar eru af dieselvélum. Tímabært er talið að staldra aðeins við og velta fyrir sér hvað nauðsynlegt sé að hafa um borð til að gera út á sem hagkvæmastan hátt. Með nýrri tækni er hægt að slökkva á dieselmótörnum þegar komið er á miðin og nota hljóðlausan og mengunarlausan rafmótor á meðan veiðar fara fram. Umtalsverður áhugi er meðal útgerðarmanna og sjómanna á þessari tækni.

Evris hlýtur viðurkenningu fyrir að efla samstarf við ýmis fyrirtæki innan klasans um þátttöku í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum. Evris aðstoðar fyrirtæki og stofnanir að sækja evrópska styrki til rannsókna, vörupróunar og markaðssetningar í samvinnu við alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið Inspiralia. Tekið er þátt í verkefnum sem styrkt eru af alþjóðlegum stofnunum. Íslensk fyrirtæki og stofnanir geta sótt myndarlega styrki til rannsókna, vörupróunar og markaðssetningar á alþjóðamarkaði í sjóði Evrópusambandsins.

Iceland Sustainable Fisheries hlýtur viðurkenningu fyrir að hafa komið á viðtæku samstarfi útgerða um vottun

á sjávarafurðum. Tilgangur Iceland Sustainable Fisheries (ISF) er að afla vottana á veiðarfæri og fiskistofna sem nýttir eru við Ísland. ISF leitast vottana gagnvart staðli Marine Stewardship Council (MSC) en það eru sjálfstæðar og faggildar vottunarstofur sem meta og taka út fiskveiðar við Ísland samkvæmt þeim kröfum sem settar eru fram í MSC staðlinum. Markmiðið er að sýna kaupendum og neytendum fram á það, að við Ísland eru eingöngu stundaðar sjálfbærar veiðar og að mikil vinna er lögð í það að fiskistofnar og umhverfi hafsins geti áfram verið uppsprettu hagsældar í landinu vegna þekkingar og virðingar fyrir lífríki hafsins. ISF var stofnað árið 2012 af fyrirtækjum í veiðum, framleiðslu og sölu íslenskra sjávarafurða. Hluthafar félagsins hafa einir rétt á því að selja vörur sínar sem MSC vottaðar. Vottunin opnar fyrir sölu sjávarafurða inn á markaði sem sérstaklega krefjast MSC vottunar þar sem neytendur kaupa síður eða ekki vörur án umhverfismerkinga eins og MSC.

Þá hlýtur Knarr Maritime viðurkenningu fyrir að efla samstarf tæknifyrirtækja um heildstæðar skipalausnir fyrir alþjóðarmarkað. Fyrirtækin sem standa að Knarr Maritime eru Brimrún, Frost, Naust Marine, Nautic Skaginn 3X og Skiptatækni. Knarr Maritime hefur vakið mikla athygli fyrir nýstárlega hönnun fiskiskipa, m.a. vegna stefnis skipanna sem gerir þessi fiskiskip betri sjóskip og þau spara umtalsstalsverða olíu. Síðast kom til landsins togarinn Viðey RE og er í eigu HB Granda.

Aukið samstarf

Þetta er fjórða árið sem Íslenski sjávarklasinn veitir þessar viðurkenningar. Tilgangurinn með viðurkenningunum er að hvetja fyrirtæki til að efla samstarf sín í milli og styrkja þannig enn frekar Ísland sem forystuland í sjávarútvegi.

Skýrsla Íslandsbanka um sjávarútveg

Á árinu 2018 er gert ráð fyrir 4% aukningu útflutningsverðmætis sjávarafurða

Ísland hefur fest sig í sessi á meðal fremstu fiskveiðipjóða heims og er nú í 19. sæti yfir stærstu fiskveiðipjóðir í heimi,“ segir Runólfur Geir Benediktsson, forstöðumaður sjávarútvegsteymis Íslandsbanka. „Skilar greinin næst mestum útflutningsverðmætum inn í íslenskt þjóðarþú og er rótgróinn þáttur í menningu lands og atvinnulífi. Út frá þessum mælikvörðum og fleiri er staða íslensks sjávarútvegs sterk og við getum því verið stolt af því að vera ein farsælasta sjávarútvegsþjóð heims.

Sjávarútvegsskýrsla Íslandsbanka hefur verið gefin út reglulega síðan árið 2003. Er það ósk okkar að skýrslan gefi bæði beinum og óbeinum hagsmunaaðilum heildstæða mynd af umfangi og áhrifum sjávarútvegarins á íslenskt samfélag. Einnig er okkur umhugað um að auka áhuga almennings á málefnum sjávarútvegarins og er skýrslan því sett fram með eins aðskiljanlegum hætti og kostur er. Eins og síðastliðin ár naut bankinn liðsinnis Deloitte við umfjöllun um rekstur sjávarútvegsfélaga.

Helstu niðurstöður skýrslunnar

Við áætluðum að útflutningsverðmæti sjávarafurða muni nema 210-220 mö.kr. í ár, sem samsvarar ríflega 7% samdrætti í verðmæti á milli ára. Á komandi ári gerum við síðan ráð fyrir ríflega 4% aukningu útflutningsverðmætis sjávarafurða fyrir tilstilli veikari krónu, herra heimsmarkaðsverðs og aukins kvóta. Aukningin verður öllu höflegri árið 2019, eða tæplega 1%, gangi spá okkar eftir.

Útflutt magn sjávarafurða á árinu 2016 nam tæpum 580 þús. tonnum og er það um 8,2% lægra en árið 2015 og er 128 þús. tonnum undir langtíma meðaltali. Þessi samdráttur í útflutningi sjávarafurða milli ára skýrist einna helst af minni veiðum.

Verðmæti útflutnings á árinu 2016 nam um 232 mö.kr. sem er tæpum 37 mö.kr. minna (14%) en á árinu 2015 miðað við verðlag ársins 2016.

Þorskur var verðmætasta útflutningstegundin á árinu 2016 og námu útflutningsverðmæti þorsks 100 mö.kr. á árinu 2016. Nemur það um 43% af útflutningsverðmæti sjávarafurða.



Útflutningsverðmæti sjávarafurða nema 20% af gjaldeyristekjum hagkerfisins af vöru- og þjónustuútflutningi.

Tekjur sjávarútvegsfélaga á árinu 2016 námu 249 mö.kr. og lækkuðu um 31 ma.kr. á föstu verðlagi eða um 11%. Þróun tekna á árinu 2016 litast af mikilli gengisstyrkingu krónunnar sem átti sér stað á árinu.

EBITDA var 56 ma.kr. á árinu 2016 og hefur EBITDA framlegð lækkað um 4 prósentustig frá fyrra ári og fer úr 26% í 22% á árinu 2016.

Oliuverð á fyrstu 9 mánuðum ársins hefur verið 15% herra að meðaltali en á árinu 2016. Þar vegur þó á móti að gengi USD hefur lækkað talsvert á móti öðrum helstu gjaldmiðlum það sem af er ári. Spáð er að meðaltali tæplega 4% hækkun oliuverðs á árinu 2018 og ríflega 2% hækkun á árinu 2019.

Frá sumarbyrjun hefur gengi krónu lækkað um nærri 12% m.v. viðskiptavegna körfu gjaldmiðla. Veikingin kemur í kjölfar þess að krónan hafði styrkst um 35% frá miðju ári 2015 til mailoka 2017. Við teljum að gengi krónu verði á svipuðum slóðum á komandi fjórðungum og það hefur að jafnaði verið það sem af er þessu ári.

Framlegð sjávarútvegsfélaga í flokki blandaðra uppsjávarog botnfiskfélaga er hæst, eða 27%. Framlegð þessara félaga er hæst þar sem almennt kostar minna að sækja uppsjávarfisk en botnfisk og er vinnsla uppsjávarfisks einnig kostnaðar-

minni. Framlegð botnfiskútgerðar er 25% og framlegð botnfiskútgerðar og vinnslu er 17%.

Opinber gjöld sjávarútvegsfélaga námu um 19,1 mö.kr. á árinu 2016 og lækkuðu um 3,9 ma. kr. frá fyrra ári m.v. verðlag ársins 2016. Þar munar mest á veiðigjöldum sem lækka um 1,2 ma.kr. eða 17%. Tekjuskattur sjávarútvegsfélaga til greiðslu á árinu 2016 var um 7,7 ma.kr. samanborið við 9,5 ma.kr. árið 2015. Áætlað greitt tryggingagjald nam 5 mö.kr. á árinu 2016 sem nemur um 19% lækkan.

Fiskeldi hefur vaxið hratt í heiminum síðastliðna áratugi og hefur fiskeldi sexfaldast á tímabilinu 1990-2016. Á árinu 2016 var fiskeldi um 79 milljón tonn. Laxfiskur er stærsta eldistegund í sjó á heimsvísu og er um 59% af heildarfiskeldi.

Á árinu 2016 var Asía með um 89% af fiskeldi í heiminum sem nemur 68 milljón tonnum. Á eftir Asíu kemur svo Ameríka (4%), Evrópa (4%) og Afríka (3%). Kína er langstærst fiskeldisþjóð í heiminum með um 62% hlutdeild í fiskeldi á heimsvísu.

Útflutningsverðmæti eldisfisks árið 2016 var um 9.618 m. kr. samanborið við 7.144 m. kr. árið 2015 á föstu verðlagi. Bandaríkin eru sem fyrr stærsti markaðurinn fyrir íslenskar eldisafurðir með um 25% af heildarverðmæti ársins 2016. Þýskaland kemur þar á eftir með um 17% og Bretland með um 13%.

SKIPSTJÓRNARMENN KREFJAST NÝS HAFRANNSÓKNARSKIPS

Á 48. þings Farmanna-og fiskimannasambands Íslands sem haldið var í lok nóvembermánaðar sl. voru m.a. samþykktar eftirfarandi ályktanir;

■ Þing FFSÍ vill að gefnu tilefni vekja athygli útgerða á smærri línubátum á bilinu 12 til 15 metrar að lengd skal vera stýrimaður og ber að greiða stýrimanni 1½ hásetahlut. Greiðsla launa undir því lágmarki er klárt samningsbrot. Að undanförun hafa verið brögð að því í þessum flokki báta að stýrimenn hafi fengið laun sem ekki nær umsömdum stýrimannshlut.

■ Þing FFSÍ lýsir yfir afdráttarlausum stuðningi við hvalveiðar og varar eindregið við vanmati á þeim áhrifum sem afþrún hvalstofna hefur á þá nytjastofna sem mesta þýðingu hafa.

■ Í ljósi fréttu af brottkasti og alvarlegs misræmis varðandi hlutfall íss í lönduðum bolfiskafla er skorað á stjórnvöld að eitt af forgangsmálum nýrrar ríkisstjórnar verði að beita sér af krafti fyrir því að þessum málum verði komið í lag. Þingið vill þó leggja áherslu á að umfjöllun fjölmiðla um brottkast í flotanum undanfarna daga sé í engu samræmi við upplifun starfandi skipstjórnarmanna.

■ Krafist er þess að stjórnvöld tryggi að útgerð kaupskipa á Íslandi verði samkeppnishæf í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi greinarinnar. Íslensk kaupskipaútgerð er þegar aflögð en tryggja verður að atvinnugreinin geti lifnað við og átt möguleika til framtíðar. Ljóst má vera að inn- og útflutningur þjóðarinnar mun ávallt

byggjast á sjóflutningum. Stjórnvöld hafa ekki sýnt að þau geri sér grein fyrir mikilvægi þess að kaupskipaútgerð fái þrífist á Íslandi. Búa þarf kaupskipaútgerð samkeppnishæft skattaumhverfi til samræmis við það sem alþjóðleg útgerð býr við. Það er ekki frjálst þjóð sem ekki ræður yfir kaupskipaflota sínum.

■ Skorað er á Samgöngu- og sveitastjórnaráðuneytið að koma í veg fyrir að skip undir erlendum fánum starfi við Ísland, fyrir íslensk fyrirtæki (fiskeldisfyrirtæki) þar sem um slík skip gildi ekki íslenskar reglur varðandi búnað og mönnun. Rétt er að íslensk



Félags skipstjórnarmanna

sem gera verður til hafrannsóknarskipa, enda og löngu tímabært að ráðast í úrbætur á þessu mikilvæga sviði. Þingið telur brýnna en nokkru sinni að stórauka veiðarfæra-, haf- og fiskirannsóknir. Aukin þekking á þessum sviðum er algjör grunnforsenda fyrir betri nýtingu á auðlindum hafsins.

lög og reglur gildi um þessi skip rétt eins og önnur sem starfa við Ísland.

■ Þing FFSÍ vill að sjávarútvegsráðherra beiti sér fyrir smíði nýs hafrannsóknarskips. Við blasir að rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson sem var byggður árið 1970 er ekki lengur í ástandi til að uppfylla þær kröfur

Ómæld verðmæti fara forgörðum að óbreyttu ástandi og því lágmarkskrafa að tryggt sé að rannsóknarskip stofnunarinnar séu endurnýjuð með eðlilegum hætti og að stofnuninni verði gert kleift að nýta þau til rannsókna af fullum krafti allt árið í stað þess að skipin liggi í höfn langtímum saman vegna fjárskorts.

FFSÍ lagt niður

Á þingi Farmanna-og fiskimannasambandsins var lögð fram og samþykkt samhljóða tillaga formanna allra aðildarfélaga FFSÍ, þ.e.a.s. Félags skipstjórnarmanna, Vísis, Verðanda, Félags Bryta og Félags Ísl. loftskreytamanna um að Félags skipstjórnarmanna taki við hlutverki FFSÍ og sambandið verði lagt niður.

HEILRÆÐI

- Sannleikanum verður hver sárreiðastur.
- Manninum er gefið ímyndarnafl til að bæta honum upp það sem hann er ekki, og skopskyn til að sætta sig við það sem hann er.
- Sýndu ekki tennurnar ef þú getur ekki bitið.
- Örlæti er að gefa meira en þú getur, og stolt er að þiggja minna en þú þarft.
- Það er ekki góð venja að gefa heilræði óumbeðinn.

Hugsa um það helst og fremst, sem heiðurinn má næra; aldrei sá til æru kemst, sem ekkert gott vill læra.

- Að vita ekki er slæmt en að vilja ekki vita er verra.
- Einelti er það kallað þegar hópur eikstaklinga reynir að útiloka einn eða hugsanlega fleiri út úr hópnum með öllum mögulegum hætti. Þetta getur verið með stöðugri stríðni, gera fórnarlambið að aðhláturforni, sýna því vanþóknun, hæðast að því, bera út slúður um fórnarlambið, einangra

það og útskúfa og jafnvel getur verið um líkamlega valdbeitingu að ræða. Ert þú sekur um eitthvað af þessu eða veist um tilfelli sem mættu koma fram í dagsljósið?

- Einelti er líka til í ævintýrum. Álfstaregg lendir í hreiðri andanna og ungast þar út. Úr því kemur auðvitað svansungi og hann er öðru vísi en andarungarnir. Því er hann hafður útundan og allir eru vondir við hann. En um síðir vex hann upp og allir sjá að þarna er fagur svanur.



Birgir Gunnarsson.



Gunnar Kvaran.

Nýtt skipurit Samskipa

Um áramótin tekur gildi nýtt skipurit Samskipa. Millilandasvið leggst af og í stað þess koma þrjú ný svið, Rekstrarsvið, Innflutningssvið og Útflutningssvið. Fjármálasvið og Innlandssvið haldast óbreytt. Guðmundur Þór Guðmundsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri Millilandasviðs, verður framkvæmdastjóri nýs Rekstrarsviðs. Þá verða Birgir Gunnarsson og Gunnar Kvaran, sem stýrt hafa innflutnings- og útflutningsdeildum Samskipa, framkvæmdastjórnar Innflutningssviðs og Útflutningssviðs og taka sæti í framkvæmdastjórn.

Birgir Gunnarsson, nýr framkvæmdastjóri innflutningssviðs, hefur starfað hjá Samskipum frá 2008, síðast sem forstöðumaður innflutningsdeildar frá 2017. Þar áður var hann forstöðumaður Íslands-deildar Samskipa í Hollandi og þar á undan viðskiptastjóri í útflutningsdeild Samskipa. Hann er menntaður sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum á Akureyri.

Gunnar Kvaran, sem nú tekur sæti framkvæmdastjórn og stýrir útflutningssviði, hefur starfað hjá Samskipum óslitið frá 1995. Frá 2007 hefur Gunnar verið forstöðumaður útflutningsdeildar. Þar áður var hann forstöðumaður á skrifstofum Samskipa í Bandaríkjunum. Gunnar er menntaður kennari frá Kennaraháskóla Íslands 1997.

Áhersla lögð á þjónustu við viðskiptavinum
Hlutverk rekstrarsviðs er að tryggja

skilvirka, áreiðanlega og hagkvæma þjónustu í grunnkerfum Sam-skipa, auka kostnaðarvitund og rekstrarlega færni og leggja með þeim hætti grunn að samkeppnishæfni fyrirtækisins. Innflutnings- og Útflutningssvið bera svo hvort um sig, líkt og Innlandssvið, ábyrgð á tekjamyndun félagsins, þjónustu við viðskiptavinum og þróun þjónustunnar í samræmi við þarfir viðskiptavina á hverjum tíma.

„Með breytingunum undirstrikum við áherslu Samskipa á getu til að bregðast við og svara þörfum viðskiptavina um leið og stutt er við rekstrarlega færni,“ segir Pálmar Óli Magnússon, forstjóri Samskipa á Íslandi. „Nýtt skipurit ýtir undir að þjónusta og undirliggjandi verklag þróist hraðar og í takt við bæði þarfir viðskiptavina fyrirtækisins og tækifærin sem til verða í síkviku rekstrarumhverfi. Drifkraftur þróunarinnar er að búa til virðisauka fyrir viðskiptavinum Samskipa og styrkja með því samkeppnisstöðu þeirra, um leið og náð er markmiðum fyrirtækisins um vöxt, aukna hagkvæmni og bætt afkomu.“

Samskip eru alþjóðlegt flutninga-fyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni og sjálfbærni að leiðarljósi. Samskip bjóða upp á heildarþjónustu á Íslandi og í Færeyjum, fjölþátta gámaflutningsþjónustu um alla Evrópu, og frystiflutninga og flutningsmiðlun um allan heim.

Tileinkuð sjómönnum og fiskverkafólki á Höfn

Á sjötugsafmæli útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækisins Skinney - Pinganes á Höfn í Hornafirði rak Pepe Bric á fjörur forsvarsmanna fyrirtækisins. Hann dvaldi þar drjúgan tíma við myndatökur á sjó og landi, slótt í för Ásgrími Halldórssyni SF-250 sem þá var á loðnuveiðum við suðurströndina. Pepe fór einnig á net með Þóri SF-77 og Skinney SF-20 sem þá voru á dagróðrum frá Höfn. Í landi einbeitti hann sér að því að mynda vinnslu á aflanum í fiskiðjuverinu í Krossey á Höfn. Seinna fór hann á Vestfjarðamið með togbátinum Steinunni SF-10 og einnig á línubátinum Vigra SF-80 sem þá var á veiðum fyrir austan land. Teknar voru í landi myndir af fiskvinnslunni í Þorlákshöfn. Einnig voru teknar myndir í fiskimjölsverksmiðjunni á Höfn og veiðarferagerð félagsins.

Þessar myndir birtast nú í þessari bók „Lífæðin“ í tilefni af 70 ára afmæli Skinney Pinganes.



Sjávarútvegur er margslungin atvinnugrein. Árangurinn ræðst af flóknu samspili erlendra markaða, síkvikrar náttúru, umgengni um nytjastofnana og tækniþróun, en fyrst og fremst af útsjónasemi og vinnuframlagi þeirra sem starfa innan greinarinnar við veiðar, vinnslu og sölu sjávaraflla. Bókin er tileinkuð sjómönnum og fiskverkafólki á Hornafirði í gegnum tíðina. Sjón er sögu ríkari þegar flett er gegnum „Lífæðina.“

Sameinar það besta í rafsúðu



STRAUMRÁS

Furuvöllum 3 • Akureyri • 461 2288

LANDVÉLAR

Smíðjuvegi 66 • Kópavogi • 580 5800 • www.landvelar.is

Bindi og pökkunarlausnir fyrir allan iðnað



Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna



ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is



Fullbúin sjávarútvegslausrir í áskrift Microsoft Dynamics NAV

Wise hefur verið leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg með WiseFish í fararbroddi sem er vottað af Microsoft.

Þú færð sjávarútvegslausrir
í áskrift á navaskrift.is

kr. **24.900** pr. mán.
án vsk.

Þjóðum einnig Office 365 í áskrift.

 **Office 365**



wise

Wise lausrir ehf. » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is



Fiskikarið frá Grindavík.

Íslenskar útgerðar- vörur í Hirtshals

Ekki er kannski líklegt að fiskikarið frá Þorbirni í Grindavík verði notað meira undir ferskan fisk. Það var við höfnina í Hirtshals í Dan-

mörku undir ýmislegt fleira drasl frá útgerð, væntanlega danskri, sl. sumar. Ekki var mikið líf í útgerðinni þarna á þessum sumar-degi.

Góður harðfiskur er hreint sælgæti

Þónadagur var 19. janúar sl. en þá flyktist þjóðin á þorablót og allt þar til að Góa byrjar 18. febrúar nk. Til að hvíla sig súrsuðum hrútsprungum, sviðum og fleiru eru snæddar rjómobollur á Bolludaginn og saltkjöt og baunir á Sprengidaginn um miðjan febrúarmánuð. Á þessum tíma er auðvitað borðaður harðfiskur sem er nauðsynjavarar á þorablótum, en það er reyndar réttur sem hægt er að borða með góðri list allan ársins hring, ekki síst með smjöri.

Á Ísafirði e rekin harðfiskverkun Finn-boga J. Jónassonar og það vita allir sem þann harðfisk hafa smakkað að er hreint sælgæti. Svo er harðfiskur að sjávarafurð svo eðlilegt er að benda á þetta sælgæti í sjávarútvegsblaði eins og BÁRUNNI.




Harðfiskur frá harðfiskverkun Finn-boga J. Jónassonar á Ísafirði.

HÍF OPP!

Gamansögur af íslenskum sjómönnum kom nýlega út hjá bókaútgáfunni Hólum. Það er ákaflega skemmtileg lesning og fylgja hér tvær frásagnir.

Frídagurinn

Sjómaður nokkur sem var í Ameríkusiglingum var að skýra frá því



hvers vegna skipi hans hefði seinkað. Hann kvað ástæðuna vera þá að einn daginn, þegar skipið lá í bandarískri höfn, hafi ekkert verið unnið, því þá hafi verið „frídagur fallinna hermanna.“!

Sjómannadagsblaðið

Í gamla daga tíðkaðist það að krakkar gengju í hús á Sauðárkróki og seldu Sjómannadagsblaðið á sjómannadaginn. Þeirra á meðal var Hjalti Jósefs. Hann bankaði m.a. upp á hjá Sveini blinda Ingimundarsyni í Græna húsinu og bar upp erindið, kurteis-in uppmáluð. „Ég get nú ekki lesið þetta,“ sagði Sveinn. Hjalti gaf sig ekki og kom með krók á móti bragði, að hann hélt. „En þú getur þá alltaf skoðað myndirnar.“!

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá **HUMBAUR** hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452,- án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355,- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá **WÖRMANN** kerrum world of trailers



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

Gleðilegt nýtt ár og þökkum samfylgdina á lidnu ári



RAFÍÐNÁÐARSAMBAND
ÍSLANDS



Fjallabyggð



Pörungaverksmiðjan hf.



Akureyrarbær



Þorlákshafnarhöfn



TANDRABERG EHF
Strandgata 64 – 735 Fjarðabyggð
t. 476 1624 – f. 892 1208



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna



HAFNARFJARÐARHÖFN
ÞJÓNUSTU- OG RÁÐGJAFARSTOFN
KAUPSKIPA- OG FISKISKIPAFLOTANNA



ÞORBJÖRN

HUGINN



GRINDAVÍKURBÆR



BOLUNGARVÍK

samskip

E EIMSKIP

HVALUR HF.



Seyðisfjarðarkaupstaður



FJARÐABYGGÐ



HB GRANDI



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

„Möguleikar íslensks sjávarútvegs ráðast af hagkvæmni flutninga“

- segir Gunnar Kvaran, forstöðumaður útflutningsdeildar Samskipa

Aðgangur að viðtæku neti flutninga er lykilatriði þegar kemur að því að vinna íslenskum sjávarafurðum nýja markaði. Þetta er meðal þess sem fram kom í erindi Gunnars Kvarans, forstöðumanns útflutningsdeildar Samskipa, á lokadegi Sjávarútvegsráðstefnunnar 17. nóvember sl. Gunnar segir flutningskostnað skipta miklu máli þegar fyrirtæki taka ákvörðun um sókn á nýja markaði. Framsaga Gunnars var með yfirskriftinni „Geta viðtæk flutningskerfi aðstoðað við að opna nýja markaði fyrir sjávarafurðir frá Íslandi?“

Gunnar hefur í störfum sínum síðastliðinn áratug verið tengdur útflutningi á sjávarafurðum. „Ég hef séð nýja markaði opnast á meðan hægst hefur á öðrum eða þeir jafnvel lokast,“ sagði hann.

Öflugan sjávarútveg sagði Gunnar byggja á því að til staðar væri traust og

„Hagkvæmar flutningsleiðir séu lykilþáttur í því hvert selja skuli afurðir þar sem kostnaður við flutninginn er ákvörðunarþáttur sem skiptir oft á tíðum miklu máli

gott flutningsnet til að koma afurðum á erlenda markaði. Sem dæmi um vel heppnaða samvinnu sjávarútvegs og flutningsfyrirtækja nefndi hann viðbrögðin við því að Rússlandsmarkað-



ur lokaðist Íslandi sumarið 2015.


„Á þessum tímapunkti vorum við

að undirbúa makrílvertíð sem var á fyrstu metrunum. Í kjölfarið hófst mikil og spennandi vinna við að finna afurðunum nýja markaði, í samvinnu flutningaðila og útflytjenda. Fyrirspurnum rigndi inn varðandi nýja og áhugaverða endastaði sem unnið hafi verið úr og þjónusta boðin. Vel tókst að vinna úr þessari stöðu og finna afurðunum nýja markaði. Það má segja að hagkvæmar flutningsleiðir séu lykilþáttur í því hvert selja skuli afurðir þar sem kostnaður við flutninginn er ákvörðunarþáttur sem skiptir oft á tíðum miklu máli.“

Gunnar sagði að magn útflut-


ingsins hafi verið stöðugt undanfarin misseri, en að jafnaði séu flutt frá landinu í kringum 650 til 700 þúsund tonn. „Botnfiskur er nokkuð jafn milli ára þó einstaka tegundir fari upp og niður eins og gengur og gerist.“ Helstu breytingar síðustu ára séu tengdar uppsjávarfiski. „Þar má nefna sterkar loðnuvertíðir og þá sérstaklega 2002 til 2005 og makríllinn sem kemur inn í kringum 2009 og 2010.“ Fram kom máli Gunnars að bróðurpartur útflutnings sjávarafurða fari til Evrópu, eða 86%. Til Asíu fari 7%, Afríku 4% og Norður-Ameríku 3% miðað við tölur ársins 2016.

Flutt magn niður á markaðssvæði



Glæra úr kynningu Gunnars Kvarans á Sjávarútvegsráðstefnunni 2017. Flutt magn sjávarafurða eftir markaðssvæðum.

Þróun á magni til Rússlands



Glæra úr kynningu Gunnars Kvarans á Sjávarútvegsráðstefnunni 2017. Þróun útflutnings sjávarafurða til Rússlands 2010-2016.


Netagerð



fwww.fiskt.is



verk- og faggreinar netagerðar



Starfstengt nám



Nám í netagerð – veiðafærataekni

Vorönn 2018

Á vorönn 2018 mun Fisktækniskóli Íslands bjóða upp á nám í netagerð (veiðafærataekni). Námið er í samstarfi við fagnefnd netagerðar, Fjölbautaskóla Suðurnesja og öll helstu fyrirtæki í veiðafærðargerð og þjónustuaðila á Íslandi.

Kenndar verða verk- og faggreinar netagerðar samkvæmt samþykktri námskrá 2016.

Upplýsingar um innritun og frekari upplýsingar um námið má sjá á heimsíðu skólans www.fiskt.is sími 412-5966 info@fiskt.is

Fisktækniskóli Íslands
Icelandic College of Fisheries



HAMPIÐJAN

Egersund
Island



ISFELL

FJARÐANET



YANMAR
 FYRIR SJÁVARÚTVEGINN


Prestolite
 electric



Poly Flex
 AUSTRALIA



Navalloy



MAESTRINI


SIMRAD

Siglinga og fiskileitartæki



Sjálfstýringar



Kortaplotter



GPS/Gýró



Útistýri




Radarskannar



Radarskjáir



Botnstykki



Dýptarmælar

Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta. Þjóðum eingöngu viðurkenndan búnað.

Endingargott í íslensku veðri



Fyrirtækið Álguggar JG ehf. sérhæfir sig í smíði á sjálfvirkum rennihurðum, bátahurðum, álveggjum, álguggum og álhurðum fyrir matvælaíðnaðinn og sérsníði af ýmsu tagi svo sem álkistur fyrir flugvélar svo og hestakerrur.

Efnið er einkar endingargott og er nánast viðhaldsfrítt, sem hentar íslensku veðurfari sérlega vel.

ÁGLUGGAR JG EHF
 • www.alguggar.is • Sími: 5 57 57 57

Flugumýri 34 | 270 Mosfellsbær | Sími 557 5757
alguggar@alguggar.is | www.alguggar.is

Búðu þig undir ferska framtíð

Það er sama hvað grunnhugmyndin er einföld og þekkingin djúp: Til að byggja upp fyrirtæki þarf trausta samstarfsaðila sem trúa á það sem þú ert að gera.

Arion fyrirtækjapjónusta



Alda Agnes Gylfadóttir

framkvæmdastjóri
Einhamar Seafood í Grindavík

1989

„Þegar ég byrjaði var allt fryst, allir frystar landsins fullir og það tók einhverjar vikur að koma fiskinum á markað.“

2018

„Hjá okkur er ekki framleitt eitt einasta flak sem ekki er búið að panta. Fiskurinn er kominn til neytanda í Boston 36 tímum eftir löndun.“